

# Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka



Mynd: AFL

## Meinsemd sem þarf að fjarlægja - AFL Starfsgreinafélag mun innheimta full laun fyrir alla sjálfboðaliða í atvinnulífi sem til okkar leita

Sjálfboðaliðastörf í atvinnulífinu eru alvarleg meinsemd. Og líkt og aðrar plágur breiðist þessi meinsemd hratt út. Vinna sjálfboðaliða í efnahagslegum tilgangi er misnotkun á fólki og vanvirðing við vinnumarkað og vinnandi fólk. Þetta er fóðrað með alls kyns jákvæðum skírskotunum – náms- og kynningarvinna og að gefa ungu fólk tækifæri til að skoða heiminn. En þegar málin eru skoðuð nánar er þetta ekkert annað en félagslegt undirboð – fólk sem ekki þarf að framfleyta sér sjálf gengur í kjarasambundin störf upp á sportið og grefur þannig undan kjörum annarra.

Sjálfboðaliðarnir taka fullan þátt í atvinnulífinu en greiða ekki skatta og skyldur, eru ótryggð í trausti þess að velferðarkerfið okkar grípi þau ef

þau veikjast eða slasast. Þau og fólkid sem hagnýtir sér vinnu sjálfboðaliðanna eru laumufarþegar á atvinnulífi – fá ókeypis far og láta aðra um að borga brúsann.

Þegar við kynntumst fyrst sjálfboðaliðastörfum kom hingað til lands velmeinandu ungt fólk og lagði gjörva hönd á ýmis samfélagsverkefni. Hreinsaði rusl í fjörum og lagaði til á göngustígum úti í náttúrunni. Jafnvel þó leiða megi rök að því að þessi störf hafi haft áhrif á vinnumarkaði með því að ekki var þörf á að ráða í þessi störf á meðan sjálfboðaliðar sinntu þeim – þá varð afrakstur starfsins engum að gróða öðrum en þeim samfélagslega ávinningi sem allir nutu enda fjörur og almenningar öllum frjálsir til að ferðast um án endurgjalds.

En þetta er skelfilega misnotað í dag. Hingað til lands eru fluttir sjálfboðaliðar hundruðum saman – ungt fólk sem hefur lítið fyrir stafni í heimalandi og á foreldra sem splæsa í flugmiða út í óvissuna. Síðan gengur þetta fólk blygðunarlaust í störf lægst launaða fólksins hér – og nýtur lífsins áhyggjulaust enda þarf þetta fólk ekki að lifa af launum sínum – pabbi og mamma sjá um að framfleyta þeim – og þau láta sig litlu varða hvaða áhrif þau hafa á vinnumarkað eða samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja hér. Minningarnar lifa svo í einhverja daga á Facebook en vinnumarkaðurinn situr skemmdur eftir.

Skv. íslenskum lögum gilda lágmarkskjör kjarasamninga um þau störf sem samningar ná til. Samningar einstaklinga um lakari kjör eru

ógildir. Það er því full ástæða til að upplýsa alla sem vinna sjálfboðaliðastörf í atvinnulífinu – þ.e. við framleiðslu eða þjónustu sem annar aðili síðan selur áfram og hagnast á, um rétt þeirra til launa og hvetja til að fela verkalyðsfélaginu á staðnum að innheimta laun sín. AFL Starfsgreinafélag mun með mestu ánægju innheimta laun fyrir það fólk sem kemur á félagssvæði okkar til að taka þátt í atvinnulífinu og fær ekki greidd laun skv. kjarasamningum. Það þarf að upplýsa sjálfboðaliða um þetta.



# Mansal

## Vaxandi vandamál og kemur okkur öllum við. Fórnarlömbin eru líka hér og þá glæpamennirnir einnig.

Mansal er eitt skelfilegasta mannréttindabrot sem hægt er að hugsa sér og er því miður alls ekki óþekkt hér á landi.

Mansal má skilgreina í grófum dráttum sem að sá sem hagnýtir sér bágindi annarra, beitir valdi, nauðung eða blekkingum og flytur fólk, tekur við eða hýsir til að hagnýta til eigin gróða er sekur um mansal.

Það sem felst í mansali er því verknaðurinn að útvega fólk, flytja það og hýsa. Ennfremur að það sé gert með nauðung, ofbeldi, hótunum eða blekkingum. Tilgangurinn er síðan að hagnýta fólkið og starfskrafta þess til nauðungarvinnu, kynferðislegrar misnotkunar eða jafnvel til að taka úr því líffæri. Allir þeir sem koma að þessu ferli – að útvega fólk og flytja það og að hagnýta fólkið eru því sekir um mansal.

Þó svo að það sé talsvert „grátt svæði“ frá félagslegum undirboðum – þ.e. að skipuleggja vinnu á lakari kjörum en gerist á vinnumarkaði – að mansali eru hvorutveggi viðfangsefni

verkalýðsfélaga að bregðast við. Það er því nauðsynlegt að vekja athygli á helstu einkennum mansals þannig að almenningur geti gert verkalýðsfélögum eða lögreglu viðvart ef það telur sig verða vitni að aðstæðum þar sem um mansal gæti verið að ræða.

### Vegabréf tekin af fólki

Yfirleitt eru ekki ráðningasamningar og launagreiðslur litlar og óreglulegar og ekki eru gefnir út launaseðlar. Einstaklingarnir hafa oft ekki kennitölur og eru ekki skráðir sem launþegar viðkomandi fyrirtækis. Fólkið býr oft á vinnustaðnum og er haldið mjög einangruðu. Yfirmenn reyna að takmarka aðgang utanaðkomandi að fórnarlömbum mansals og halda því jafnvel nauðugu.

Á Íslandi eru blekkingar og lygar eitt meginvopn yfirmanna sem hagnýta sér bágindi annarra og mörg launa- og innheimtumál sem komið hafa á borð AFLs síðustu ár eru á mörkum þess að geta kallast

mansalsmál. Fólkið er þá algerlega háð yfirmönnum varðandi fæði og húsnæði og dæmi eru um að vegabréf hafi verið tekin af fólki á fólkskum forsendum. Síðan er logið að fólki að lögregla og verkalýðsfélög séu óvinir sem vilji bara loka þau inni eða reka úr landi. Fólki er hótad og við þekkjum dæmi þar sem hótad var að fjölskyldur í heimalandi yrðu fyrir ofbeldi.

Algengt er að fórnarlömb mansals séu rúkkud fyrir fargjöld og húsnæði og jafnvel aðra hluti – svo sem „útvegum kennitölu“ eða „skráningu“ eins og við höfum séð á launaseðlum. Þannig eru fórnarlömbin oft hneppt í því líkt skuldafan að þau losna ekki úr því og öll vinnan fer í að greiða glæpamönnum.

### Fórnarlömb sem standa höllum fæti

Algengustu fórnarlömb mansals er fólk sem einhverra hluta vegna stendur höllum fæti – t.d. vegna þjóðernis,

litarháttar, trúar, fötlunar, stöðu sem flóttamanns og svo framvegis. Hið dæmigerða fórnarlömb hefur litla menntun, talar ekki tungumál þess lands þar sem misnýting fer fram, er mögulega ólæst og er algerlega háð atvinnurekanda varðandi fæði og húsnæði. Oft hefur atvinnurekandinn einnig í hendi sér að útvega ættingjum fórnarlömbins vinnu eða aðstoð við að komast úr ömurlegum aðstæðum.

AFL Starfsgreinafélag tekur við ábendingum um möguleg fórnarlömb mansals og félagið verður á ferðinni í sumar í vinnustaðaeftirliti og þá í samstarfi við Vinnumálastofnun og jafnvel lögreglu. Starfsmenn félagsins hafa heimildir til að kalla eftir persónuskilríkjum og kanna skráðar kennitölur á vinnustöðum og embætti skattstjóra ber síðan saman kennitölur sem finnast við vinnustaðaeftirlit við staðgreiðsluskrá.

# Ráðningarsamningar og tímaskýrslur

- ungt fólk á vinnumarkaði – að hverju þarf að gæta

Á hverju hausti fær AFL Starfsgreinafélag tugi ungra launþega, sem finnst heldur hafa verið brotið á sér í sumarvinnunni, í heimsókn. Í mörgum tilfellum er auðsótt að kalla eftir skýringum og mögulega innheimta vangoldin laun. Í öðrum tilfellum er erfitt að grípa til aðgerða enda á litlu að byggja.

Oft er fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði skelfilega ókunnugt um eigin kjör og hefur mögulega ekki einu sinni spurt um laun eða vinnutíma þegar það réð sig til starfa. Það er því brýnt að hvetja ungt fólk og foreldra unglinga til að vera vakandi yfir eftirfarandi þáttum:

- 1** Ráðningarsamningar: Lög kveða á um gerð ráðningarsamninga vegna allrar atvinnu. Það er gott að brýna fyrir fólki að biðja um ráðningarsamning því þar á að koma skýrt fram hvaða laun verða greidd og upplýsingar um önnur kjör.
- 2** Stéttarfélagsaðild: Óprúttirnir launagreiðendur reyna oft að tala ungt fólk til að sleppa stéttarfélagsaðild – en með því missir fólk allan rétt á aðstoð við innheimtu vangoldinna launa og hefur engan rétt í sjúkrasjóði. Það má benda ungu fólki á að með því að sækja um líkamsræktarstyrk að hausti getur það fengið félagsgjöldin sín til baka að mestu.
- 3** Tímaskýrslur: Það er mjög brýnt að fólk haldi til haga vinnutíma sínum. Þetta þarf ekki að vera flókið utanumhald og er í því sambandi hægt að benda á „klukk-appið“ sem auglýst er hér á síðunni. Forsenda þess að hægt sé að innheimta vangoldin laun er að hafa yfirlit yfir vinnutíma.
- 4** Launaseðlar: Það er algengt að óprúttirnir launagreiðendur afhendi ungu fólki ekki launaseðla strax um mánaðarmót og oft kemur til okkar fólk að hausti sem hefur fengið einhverjar innborganir á bankareikninga en aldrei launaseðil allt sumarið. Þetta á ekki að líða og foreldrar verða að hvetja unglingana sína til að krefjast launaseðla strax um mánaðarmót og til að koma til AFLs með launaseðlana ef þeim finnst eitthvað athugasvert.

Ef þess er gætt að ofangreint sé í lagi er minni hætta á að svindlað sé á viðkomandi og auðvelt að gæta hagsmuna félagsmanns okkar komi til málareksturs. Þá er vert að benda fólki á að AFL Starfsgreinafélag rekur hagsmuni félagsmanna þeim að kostnaðarlausu – sama hversu langt þarf að ganga í hagsmunagæslunni.

En á sama hátt og við krefjumst þess að launagreiðendur virði kjarasamninga og standi við öll ákvæði þeirra hvetjum við ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði til að gera slíkt hið sama, þ.e. virða kjarasamninginn. Sérstaklega er vert að minna fólk á að virða gagnkvæman uppsagnarfrest og hlaupast ekki úr vinnu án fyrirvara og að misnota ekki veikindarétt.



**KLUKK**  
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



## VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á [asi.is/klukk](http://asi.is/klukk)

# Gegn hrakvinnu og skertum samningsrétti félaga

– ályktanir formannafundar Starfsgreinasambands Íslands

Í byrjun mánaðarins var haldinn í Grindavík formannafundur SGS þar sem m.a. var fjallað um keðjuábyrgð verk-taka. Einnig var fjallað um nýtt vinnumarkaðsmódel sem unnið hefur verið að síðasta ár undir forystu ASÍ og lagði fundurinn á það áherslu í ályktun að ekki mætti skerða samningsrétt einstakra félaga í nýju módeli.

## Ályktun um keðjuábyrgð og hrakvinnu

Formannafundur Starfsgreinasam-bands Íslands haldinn í Grindavík dagana 2. og 3. júní 2016 fagnar breytingum Reykjavíkurborgar á út-boðsskilmálum og verksamningum borgarinnar þar sem keðjuábyrgð yfirverktaka gagnvart undirverk-tökum er staðfest. Fundurinn hvetur önnur sveitarfélög, opinber fyrirtæki og opinberar stofnanir til að fara að fordæmi Reykjavíkurborgar og eins löggjafann til að innleiða keðjuá-byrgð í lög.

Vinnumarkaðurinn á Íslandi er í örur vexti og mikil hætta á að hrakvinna ýmis konar þrífist við slíkar aðstæður. Aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands hafa stóreflt vinnustaðaeftirlit á sínum vegum og því ber einnig að fagna að aðrar eftirlitsstofnanir hafa gert slíkt hið sama: Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun og lögreglan. Samstarf á milli stofnana og verkalyðshreyfingarinnar hefur borið sýnilegan árangur. Betur má þó ef duga skal og kallar formannafundur eftir áhuga Samtaka atvinnulífsins og átaki stjórnvalda til að stemma stigu við hrakvinnu. Í því þarf að felast



Formenn og varaformenn Starfsgreinasambandsfélaga víða um land á formannafundi. Mynd: Árni Steinar Stefánsson

nægjanlegt fjármagn til viðeigandi eftirlitsstofnana, lagabreytingar varðandi keðjuábyrgð, skýr lög varðandi vistráðningar (AU-pair), uppræting ólöglegrar sjálfboðastarfsemi, stór-efling úrræða vegna mansalsmála og bætt upplýsingamiðlun til erlends starfsfólks um réttindi sín og skyldur.

## Ályktun um ungt fólk innan SGS

Formannafundur Starfsgreinasam-bands Íslands haldinn í Grindavík

dagana 2. og 3. júní 2016 fagnar þátttöku ungs fólks af öllu landinu í starfi hreyfingarinnar. Raddir þeirra fulltrúa sem sátu ungliðafund SGS í Grindavík í byrjun júní eru mikil-vægar og nauðsynlegt að gera enn betur til að virkja ungt fólk til starfa til að tryggja endurnýjun og fræða ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Starfsgreinasam-bandið mun búa til vettvang árlega fyrir ungt fólk innan hreyfingarinnar til að hittast og vinna að því að bæta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði.

## Ályktun um samningsrétt

Formannafundur Starfsgreinasam-bands Íslands haldinn í Grindavík dagana 2. og 3. júní vill taka það skýrt fram að SGS mun ekki verða aðili að nýju vinnumarkaðsmódeli sem nú er unnið að, ef það leiðir til þess að frjáls samningsréttur stéttarfélaganna verður skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt.

Formannafundurinn vill einnig taka það sérstaklega fram að ef það kemur til þess að breyta þurfi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna nýs vinnumarkaðsmódelis þá verði það tryggt að slíkar breytingar leiði alls ekki til skerðingar eða takmörkun-ar á frjálsum samningsrétti stéttar-félaganna.

Formannafundur SGS er sann-færður um að forræði hvers stéttar-félags til kjarasamningsgerðar og frjáls samningsréttur sé hornsteinn stéttar-félagsbaráttu á Íslandi og það frjáls-ræði og þann samningsrétt megi ekki skerða eða takmarka á nokkurn hátt.

## Hvað er hrakvinna?

„Hrakvinna“ er nýyrði sem Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, kynni á formannafundinum. Hrakvinna er þýðing á enska hugtakinu „precarious work“ en það er vinna við ótrygg ráðningarkjör og við óásættanlegar aðstæður. Ótrygg ráðningarkjör geta verið t.d. endur-teknar tímabundnar ráðningar, hvers kyns skammtímaráðningar og/ eða svokallaðar starfsþjálfunarsamningar. Einnig vinna þar sem að-búnaður og öryggi er ekki samkvæmt reglum.

## Hvað er keðjuábyrgð?

Keðjuábyrgð er svipuð og hefur t.d. gilt á virkjanasvæðum eins og við Kárahnjúka. Þar bar Landsvirkjun endanlega ábyrgð á því að greitt væri samkvæmt kjarasamningum og bar endanlega ábyrgð á aðbúnaði og öryggi. Þetta þýðir með öðrum orðum að aðilar geti ekki komið sér hjá ábyrgð á starfsmönnum með því einu að nota undirverktaka og starfsmannaleigur og kenna þeim svo um það sem aflaga fer – heldur væri aðalverktaki verks alltaf endanlega ábyrgur.



Ungt fólk úr hreyfingunni skýrir áherslur sínar fyrir formannafundinum en haldinn var sér-stakur fundur með ungu fólki innan Starfsgreinasambandsins í tengslum við formannafund-inn. AFL Starfsgreinafélag átti tvo fulltrúa á þeim fundi, þau Valgeir Svein Eypórssón og Karen Sif Randversdóttur. Mynd: Árni Steinar Stefánsson



Steingerður Ólafsdóttir, Háskóla Íslands, kynnis nýlega skýrslu um vinnuumbverfi, heilsu og atvinnuþátttöku ungs fólks á Norðurlöndunum. Mynd: Árni Steinar Stefánsson